



Sjúkrahúsið á Akureyri

~ fyrir samfélagið ~

Yfirlæknir - sérfræðingur í geðlækningum

Laus er til umsóknar 100% staða yfirlæknis í geðlækningum við Sjúkrahúsið á Akureyri. Staðan veitist frá 1. desember 2019 eða eftir samkomulagi. Næsti yfirmaður er Helgi Garðar Garðarsson forstöðulæknir geðlækninga.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Starfið felur í sér þjónustu við sjúklinga á legudeild geðdeildar sjúkrahússins, göngudeild og bráðamóttöku, ennfremur samvinnu við aðrar deildir sjúkrahússins og stofnanir á Norður- og Austurlandi. Starfinu fylgir vaktaskylda, þátttaka í kennslu heilbrigðisstétta, þjálfun aðstoðar- og deildarlækna auk tækifæra til rannsóknarvinnu.

Hæfnikröfur:

Umsækjandi skal hafa fullgild réttindi í geðlækningum. Auk fræðilegrar þekkingar og reynslu er lögð áhersla á hæfileika á sviði samskipta, samvinnu og sjálfstæðra vinnubragða. Við leitum að geðlækni með reynslu í almennum geðlækningum, reynsla við stjórnun er kostur en ekki skilyrði fyrir ráðningu.

Frekari upplýsingar um starfið:

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Læknafélag Íslands hafa gert.

Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um nám og starfsferil ásamt upplýsingum um fræðilegar rannsóknir, rit- og kennslustörf og staðfest afrit af fylgigögnum.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

UMSÓKNARFRESTUR:
28. OKTÓBER 2019

UMSÓKNIR:
SAK.IS/ATVINNA

Nánari upplýsingar veita: Helgi Garðar Helgason - helgig@sak.is - sími 463 0100 og
Árni Jóhannesson - arnijo@sak.is - sími 463 0100

